

## Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Vestfjarða 22. mars 2013 í máli nr. S-59/2012:

### Ákærvaldið

*(Kristján Óskar Ásvaldsson fulltrúi)*

**gegn**

**X**

*(Snorri Sturluson hdl.)*

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 12. febrúar sl., höfðaði lögreglustjórinn á Vestfjörðum með ákæru 4. október 2012 á hendur ákærða, X, kt. ..., til heimilis að [...]. Í I. kafla ákærunnar eru ákærða gefnar að sök hótanir;

„... með því að hafa þriðjudaginn 27. júní 2010, þá staddur á R, hótad A, kt. ..., því að beita skotvopni gegn henni kæmi hún sér ekki í burtu af svæðinu en hótanir ákærða vöktu hjá A ótta um líf sitt og heilbrigði.

Telst þetta varða við 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.“

Í ákæru er tekin upp einkaréttarkrafa A, er tengist sakargiftum á hendur ákærða samkvæmt I. kafla ákæru, en hún krefst miskabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 600.000 krónur, auk vaxta og dráttarvaxta.

I.

Ákærvaldið gerir þær kröfur í þessum þætti málsins að dómurinn heimili að B, D og E, verði leidd fyrir dóm sem vitni við aðalmeðferð málsins til skýrslugjafar. Hvað B varðar krefst ákærvaldið þess einnig að vitninu verði heimilað að gefa skýrslu sína símleiðis. Þá hefur ákærvaldið lýst því yfir að það „styðji“ kröfu brotþola um að ákærða verði vikið úr þinghaldi meðan brotþoli gefur skýrslu við aðalmeðferð málsins.

Kröfur brotþola eru að B, D og E verði leidd fyrir dóm við aðalmeðferð málsins til að gefa vitnaskýrslu. Jafnframt krefst brotþoli þess að dómari viki ákærða úr þinghaldi á meðan brotþoli gefur skýrslu vitnis við aðalmeðferð málsins. Að lokum krefst brotþoli þess að lögmaður brotþola, Guðrún Sesselja Arnardóttir hrl., verði skipaður réttargæslumaður hennar.

Kröfur ákærða eru þær að dómurinn hafni því að B, D og E verði leidd fyrir dóm sem vitni við aðalmeðferð málsins. Þá mótmælir verjandi þeirri kröfu lögmanns brotþola að dómari víki ákærða úr þinghaldi á meðan brotþoli gefur vitnaskýrslu við aðalmeðferð málsins.

## II.

Samkvæmt rannsóknargögnum lögreglu voru foreldrar brotþola í samskiptum við stúlkuna í kjölfar þeirra atvika sem áttu sér stað á R 27. júní 2010. Liggja frammi í málinu hljóðritaðar símaskýrslur af foreldrunum báðum, sem og ritaðar samantektir lögreglu á skýrslunum. Er í skýrslum foreldranna meðal annars að finna lýsingar þeirra á andlegu ástandi dótturinnar á umræddum tíma. Þá liggur frammi í málinu læknisvottorð E geðlæknis, sem framkvæmdi geðskoðun á brotþola, og er í skjalinu meðal annars að finna umfjöllun um möguleg áhrif meints brots ákærða á andlega líðan stúlkunnar.

Ákærða er í málinu meðal annars gefið að sök að hafa hótað brotþola því að beita skotvopni gegn henni. Er sú háttsemi í ákæru talin varða við 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá er í ákæru tekin upp miskabótakrafa brotþola á hendur ákærða. Komi til þess að ákærði verði fundinn sekur um háttsemi þá sem honum er gefin að sök ber dómara að taka afstöðu til afleiðinga brots, bæði hvað varðar ákvörðun refsingar, sbr. 2. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, og miskabóta. Skv. 3. mgr. 110. gr. laga nr. 88/2008 getur dómari því einungis meinað aðila um sönnunarfærslu, að hann telji bersýnilegt að atriði, sem aðili vill sanna, skipti ekki máli eða að gagn sé tilgangslaust til sönnunar. Að framangreindu virtu verður ekki talið að dómari geti á þessu stigi málsins slegið því föstu að tilvitnað ákvæði eigi við um fyrirhugaðar skýrslutökur ákæruvalds af fyrrnefndum þremur aðilum. Honum er því ekki heimilt að meina ákæruvaldinu að leiða vitnin þrjú fyrir dóm við aðalmeðferð málsins. Verður skýrslugjöf vitnanna því heimiluð.

Nú er vitni statt fjarri þingstað eða það hefði annars sérstakt óhagræði af því að koma fyrir dóm og getur dómari þá ákveðið, sbr. ákvæði 4. mgr. 116. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að skýrsla verði tekin af vitninu á dómþingi gegnum síma, enda verði skýrslutöku hagað þannig að allir sem eru staddir á dómþingi heyri orðaskipti við vitnið.

Upplýst er að vitnið B er búsett í S. Vitnið er því statt fjarri þingstað og hefði af því sérstakt óhagræði að koma fyrir dóminn. Samkvæmt því og þar sem ekki má ætla að úrslit málsins geti ráðist af framburði vitnisins verður fallist á þá kröfu að vitninu verði heimilað að gefa skýrslu símleiðis.

Skv. 1. mgr. 123. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála getur dómari samkvæmt kröfu ákæranda eða vitnis ákveðið að ákærða verði vikið úr þinghaldi meðan vitnið gefur skýrslu ef dómari telur að nærvera ákærða geti orðið vitninu sérstaklega til íþyngingar og haft áhrif á framburð þess. Í fyrrnefndu vottorði E geðlæknis er meðal annars lýst stöðugum ótta brotþola við ákærða. Er þar einnig lýst endurupplifunum brotþola sem sagðar eru valda stúlkunni miklum kvíða og vanlíðan og ráða má að tengist atvikum þeim sem um ræðir í máli þessu. Þá kemur fram í vottorðinu að niðurstöður prófs, sem lækni lagði fyrir brotþola, hafi verið alvarlegar hvað varðar þunglyndi og mjög alvarlegar hvað varðar kvíða.

Þegar þetta er virt þykir á það mega fallast að nærvera ákærða við skýrslugjöf brotaþola fyrir dómi geti bæði orðið vitninu sérstaklega til íþyngingar og haft áhrif á framburð þess. Í þeirri niðurstöðu felst eðli málsins samkvæmt engin afstaða til réttmætis ásakana brotaþola á hendur ákærða.

Samkvæmt framansögðu verður fallist á kröfu brotaþola um að ákærði víki úr þinghaldi á meðan brotaþoli gefur skýrslu vitnis við aðalmeðferð málsins. Við skýrslutökuna verður þess gætt að ákærði geti fylgst með henni um leið og hún fer fram og að lagðar verði fyrir brotaþola þær spurningar sem ákærði óskar.

Skv. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skipar dómari brotaþola réttargæslumann þegar mál hefur verið höfðað, séu skilyrði til þess að tilnefna réttargæslumann skv. 1.-3. mgr. 42. gr. laganna. Í nefndum ákvæðum er að finna tæmandi talningu þeirra tilvika sem leitt geta til skipunar réttargæslumanns, en þar er vísað til ákvæða XXII., XXIII. og XXIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem og 251.-253. gr. laganna. Brot það sem ákærða er gefið að sök, og brotaþola varðar, er hins vegar í XXV. kafla almennra hegningarlaga. Verður því ekki séð að lagaskilyrði séu til þess að skipa brotaþola réttargæslumann í málinu, svo sem hún hefur krafist. Þeirri kröfu brotaþola er því hafnað.

Úrskurð þennan kveður upp Kristinn Halldórsson héraðsdómari.

#### **Ú R S K U R Ð A R O R Ð:**

Heimilt er að leiða B, D og E sem vitni við aðalmeðferð málsins fyrir dómi. Vitninu B er heimilt að gefa vitnaskýrslu sína símleiðis.

Ákærði skal víkja úr þinghaldi á meðan brotaþoli, A, gefur skýrslu vitnis við aðalmeðferð málsins.

Synjað er kröfu brotaþola um að Guðrún Sesselja Arnardóttir hrl. verði skipuð réttargæslumaður hennar í málinu.

Kristinn Halldórsson